



SAMNINGUR UM VISTRÁÐNINGU / AU PAIR AGREEMENT

um vistráðningu samkvæmt 68. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016

Samningur milli íslenskrar fjölskyldu og erlends einstaklings sem ræður sig í vist (au pair) á Íslandi

relating to an au pair placement subject to Article 68 of the Act on Foreigners No. 80/2016

Agreement between an Icelandic family and a foreign person placed as an au pair in Iceland

SKILGREININGAR Í SAMNINGI ÞESSUM/ DEFINITIONS IN THIS AGREEMENT

Vistráðning:

Tímabundin móttaka fjölskyldu, gegn tiltekinni þjónustu, á ungum erlendum aðila sem kemur til að bæta tungumálafærni sína og mögulega faglega kunnáttu og vikka menningarlegan sjóndeildarhring sinn með því að öðlast betri þekkingu á Íslandi. Slíkur ungur erlendur aðili nefnist hér eftir vistráðni (au pair). Vistráðni skal vera á aldrinum 18 til 25 ára meðan á dvöl hennar/hans stendur. [1]

Au pair placement:

A temporary reception by a family, in exchange for certain services, of a young foreigner who comes to improve her/his linguistic and possibly professional knowledge as well as her/his general culture by acquiring a better knowledge of Iceland. Such young foreigner is hereinafter called "au pair". An au pair shall be between 18 and 25 years of age during their/theirs stay. [2]

Vistfjölskylda:

Hjón eða sambúðarmakar með barn eða börn eða einstætt foreldri með barn eða börn. Ef vistfjölskylda samanstendur af aðilum sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar, þarf a.m.k. annað hjóna eða sambúðarmaka að vera með ótímabundið dvalarleyfi.

Host family:

A couple, married or cohabiting, and child/children, or a single parent and child/children. If the host family is not Icelandic citizens, at least one of the parents needs to have a permanent residence permit.

Heimili:

Fast aðsetur vistfjölskyldu.

Household:

Permanent residence of a host family.

[1] Sjá 68. grein laga um útlendinga nr. 80/2016.

[2] See Article 68 of the Act on Foreigners No. 80/2016.

Samningsaðilar / Contracting parties

Þessi vistráðningarsamningur er gerður á milli: / This agreement for au pair placement is concluded between:

Vistfjölskylda / Host family

Nafn / Name:

Kt: / ID No.:

Nafn / Name:

Kt: / ID No.:

Lögheimili

Place of residence:

Vistráðni / The au pair

Nafn / Name:

Fæðingardagur / Date of birth:

Fæðingarstaður / Birth place:

Þjóðerni / Nationality:

Dvalarstaður [1] / Place of residence [2]:

[1] Ef dvalarstaður er annar en skráð lögheimili, tilgreinið bæði heimilisföng

[2] If the place of residence differs from the place of permanent residence, please state both addresses.

(Nefnist hér eftir „vistráðni“ / Hereinafter referred to as “the au pair”).

I. ALMENNIR SKILMÁLAR / GENERAL CONDITIONS

Samkvæmt meðfylgjandi skilmálum tekur vistfjölskylda á móti vistráðna í / Under the conditions laid down hereinafter the au pair shall be received by the host family for a period of:

Mánuði / Months

Samkvæmt 68. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 er dvalarleyfi fyrir au pair veitt í jafnlangan tíma og samningur um vistráðningu kveður á um en þó aldrei lengur en í eitt ár. Dvalarleyfið má endurnýja einu sinni til eins árs en þó ekki lengur en samningur um vistráðningu gerir ráð fyrir.

Á þessum tíma skal vistráðna gefinn kostur á að bæta menntun sína, einkum varðandi íslenskt mál og til að auka menningarþroska sinn. Samningurinn tekur gildi daginn sem vistráðni kemur til Íslands á dvalarstað vistfjölskyldu.

According to Article 68 of the Act on Foreigners No. 80/2016 an au pair permit is granted for as long as the duration of the au pair contract, but not longer than one year. An au pair permit may be renewed once for one year, however never for longer than the duration of the au pair contract.

During this period, the au pair shall be given the opportunity to improve her/his education, in particular with regard to the Icelandic language, and to increase her/his general cultural development.

The agreement shall take effect the day the au pair arrives in Iceland at the residence of the host family.



II. SKYLDUR VISTFJÖLSKYLDU / DUTIES OF THE HOST

II.1.

Vistfjölskylda skuldbindur sig til að taka á móti vistráðna í fjölskylduna og leyfa henni/honum að taka þátt í daglegu lífi fjölskyldunnar; og lýsir vistfjölskylda eftirfarandi yfir sem vistráðni tekur mið af:

The host family undertakes to receive the au pair into the family and to let their/theirs share the daily family life; in this connection, the host family makes the following declaration of which the au pair takes note:

Fjölskyldan / The family

Fjölskyldan samanstendur af / The family consists of

Fjöldi fullorðinna / Number of adults:

Fjöldi drengja og aldur þeirra / Number of boys and their age:

Fjöldi stúlkna og aldur þeirra / Number of girls and their age:

Aðstæður á heimili vistfjölskyldu / Conditions in host family home

Fjöldi svefnherbergja / Number of bedrooms:

Fjöldi baðherbergja / Number of bathrooms:

Fjarlægð íbúðarhúss fjölskyldu frá eftirfarandi stöðum: *Please indicate distance from the family home to the following places:*

Fjarlægð frá verslunum / distance from shops:

Fjarlægð frá menntastofnun þar sem viðeigandi námskeið í íslenskri tungu eru á boðstólum

Distance from an educational institution where appropriate courses in the Icelandic language are available:

Störf vistfjölskyldumeðlima *Occupation of the host(s) family members:*



Pessir starfa á vegum vistfjölskyldu á heimilinu (ef við á)

The host employs the following staff in the home (if applicable):

Tungumál sem venjulega er talað á heimilinu er/eru

The language(s) normally spoken in the household is/are:

II.2.

Vistfjölskylda skal veita hinum vistráðna fæði og húsnæði og einkaherbergi við hæfi. Herbergið skal vera af hæfilegri stærð, með glugga og læsanlegt.

The host family shall provide board and housing for the au pair and shall place at their/theirs disposal a separate suitable room that has a window and can be locked.

II.3.

Að auki skal vistfjölskylda greiða vistráðna vikulega vasapeninga sem nema 15.000 kr.

In addition, the host shall pay the au pair weekly pocket money amounting to 15.000 ISK.

II.4.

Vinnutími vistráðna skal skipulagður þannig að viðkomandi geti sótt námskeið og bætt almennan menningarþroska sinn og þekkingu á íslensku máli.

The au pair's hours of duty shall be organized in such a way as to allow her/him to attend courses, and to improve her/his general cultural development and knowledge of the Icelandic language.

II.5.

Vistráðni skal hafa minnst einn frídag í viku og minnst eina fríhelgi á mánuði og skal hafa tækifæri til að taka þátt í trúarathöfnum.

The au pair shall have at least one day off per week and at least one weekend off per month, and shall have full opportunity to take part in religious activities.

Á eftirfarandi vikudegi (dögum) er frí / *The following day(s) are off per week*

og frí eftirfarandi helgi í mánuði / *and the following weekend shall be off work (holidays) per month*

1., 2., 3. eða 4. helgi mánaðar / *1st., 2nd., 3rd. or 4th. weekend of the month.*



Vistráðni skal fá fullt fæði og húsnæði á frídögum. Breytingar á þessu fyrirkomulagi skulu gerðar fyrirfram og skriflega. Vistráðni á rétt á samfelldu einnar viku frí, annað hvort á heimilinu eða utan þess, eftir 26 vikna vinnu hjá vistfjölskyldu. Frí þýðir að vistráðna er heimilt að vera frá vinnu í sjö daga og fær á þessum tíma venjulega vasapeninga. Ef vistráðni býr hjá fjölskyldunni á þessum tíma, skal viðkomandi halda áfram að fá fullt fæði og húsnæði.

The au pair shall receive full board and housing on her/his days off. Changes to this schedule must be done in advance and in writing. The au pair is entitled to a continuous one week's holiday to be spent either in the household or away from the household during the contract period. Holiday means that the au pair has the right to be absent from work for seven days and during that time continues to receive the normal amount of pocket money. If the au pair stays with the family during this holiday he/she shall continue to receive full board and housing from the family.

II.6.

Vistfjölskylda kaupir sérstaka sjúkratryggingu fyrir vistráðna til sex mánaða frá komudegi. Eftir sex mánaða lögmæta dvöl er vistráðni tryggður af Sjúkratryggingum Íslands.

The host family shall take out a private health insurance guaranteeing the au pair a six months' coverage from day of arrival. After six months of lawful stay the au pair will be covered by the Icelandic Health Insurance.

II.7.

Ef vistráðni veikist ber vistfjölskyldu að veita fæði og húsnæði og alla viðeigandi umönnun þar til nauðsynlegar ráðstafanir hafa verið gerðar.

In the event of the au pair's falling ill, the host family shall continue to provide board and housing and shall give all appropriate care until such time as necessary arrangements have been made.

II.8.

Vistfjölskylda samþykkir eftirfarandi viðbótarskilmála í þágu vistráðna sem eru í samræmi við grein VI.1. í samningi þessum.

The host family agrees to the following additional terms to the benefit of the au pair that are in accordance with Article VI.1. of this agreement.

III. SKYLDUR VISTRÁÐNA / DUTIES OF THE AU PAIR

III. 1

Vistráðni skuldbindur sig til að taka þátt í daglegum húsverkum með því að veita eftirfarandi þjónustu í
the au pair undertakes to participate in day to day family duties by offering the following services for

Klukkutíma á dag / hours per day:



Tilgreinið verkefni sem vistráðni skal inna af hendi / *specify services the au pair will be required to perform:*

Vinnutími má ekki vera lengri en 5 stundir á dag og ekki lengri en 30 stundir alls á viku. Vinnuskylda hins vistráðna skal almennt ekki hefjast fyrir kl. 7 á daginn og skal vera lokið fyrir kl. 20 á kvöldin.

Working hours may neither exceed five hours per day nor exceed 30 hours per week. As a rule, work shall not start earlier than 7 a.m. and shall be finished by 8 p.m.

Vistráðni ætti að taka þátt í eftirfarandi húsverkum: Barnagæsla, fylgd með barni/börnum til og frá leikskóla/skóla og gæta barns/ barna heima og að heiman. Vistráðni gæti einnig aðstoðað við eftirtalin húsverk: Búa um rúm, einföld matreiðsla, létt þrif líkt og uppvottur, afþurrkun, ryksugun, sópun, gólfþvottur og létt innkaup daglegra nauðsynja.

The au pair should help in the following household duties: Baby-sitting, accompanying the child/children to and from kindergarden/ school and looking after the child/children at home or away. The au pair may also help in the following household duties: Making beds, preparation of simple meals, light cleaning such as dishwashing, dusting, sweeping, mopping, vacuum-cleaning and light shopping for daily necessities for the household.

IV. GREIÐSLA FERÐAKOSTNAÐAR / PAYMENT OF TRAVEL COSTS

Vistfjölskylda skal að lágmarki greiða helming ferðakostnaðar þess vistráðana til og frá Íslandi samkvæmt 18. gr. reglugerðar um útlendinga nr. 540/2017. *Host family must pay at least half of the au pair's travel costs to and from Iceland according to Article 18 in regulation no. 540/2017 on foreigners.*

IV. 1

Samningsaðilar verða að velja annan af tveimur eftirfarandi valmöguleikum (merkið í viðeigandi reit með x):

The parties to this agreement must choose one of the two following alternatives (mark the applicable alternative with x)

- Vistfjölskylda greiðir helming ferðakostnaðar hins vistráðna til og frá Íslandi
The host family will pay half of the au pair's travel cost to and from Iceland.
- Aðilarnir samþykkja að eftirfarandi gildi um greiðslu ferðakostnaðar til Íslands fyrir vistráðna frá aðsetri hennar/hans:
The parties agree that the following applies concerning the payment of travel costs to Iceland for the au pair from their/ theirs place of residence:

IV. 2

Vistfjölskylda greiðir ferðakostnað frá Íslandi til aðseturs vistráðna ef vistfjölskylda riftir samningi án þess að um sé að ræða vanefndir af hálfu hins vistráðna, ef vistráðni er ófær um að standa við samninginn vegna veikinda eða slyss eða ef vistráðningu er slitið vegna alvarlegs misferlis vistfjölskyldu.

The host family pays travel costs from Iceland to the residence of the au pair, if the host family terminates the contract without the cause being non-compliance by the au pair, if the au pair is unable to fulfil the contract as a result of illness or accident, or if the contract is terminated as a result of serious misconduct by the host family.

IV. 3

Slíti hinn vistráðni sjálfur vistinni án vanefnda fjölskyldu eða annars ómöguleika á efndum samnings skal viðkomandi sjálfur standa straum af ferðakostnaði. Það sama á við ef hinn vistráðni verður uppvís af alvarlegu misferli og vist er slitið þess vegna.

If the au pair terminates the contract without the cause being breach by the host family or another impediment for fulfilling the contract, he/she shall bear the cost of travel. The same applies, if the au pair is found to have caused the agreement to end as a result of serious misconduct.

V. RIFTUN ÞESSA SAMNINGS / TERMINATION OF THIS AGREEMENT

V. 1

Báðum aðilum samnings er heimilt að rifta samningi tafarlaust ef um er að ræða alvarlegt misferli af hálfu annars aðilans. Riftun er jafnframt heimil tafarlaust ef alvarlegar kringumstæður samningsaðila knýja á um það, svo sem alvarleg veikindi sem hafa mikil áhrif á vistráðna eða vistfjölskyldu. Riftun skal vera skrifleg og tekur gildi um leið og hún hefur verið löglega birt hinum aðilanum. Tilkynning um riftun þarf að berast Útlendingastofnun.

Riftun er heimil af öðrum ástæðum en framangreindum, t.d. vegna almenns ágreinings. Í slíkum tilvikum skal vistfjölskylda veita hinum vistráðna 30 daga frest til að fara úr vistinni en hinn vistráðni skal veita vistfjölskyldu 15 daga frest vegna riftunar.

Both parties to this contract may terminate the agreement immediately, if one of the parties is found to have breached the agreement because of serious misconduct. Termination is furthermore allowed immediately, if serious circumstances warrant, such as serious illness affecting the au pair or the host family. Termination shall be in writing and takes effect immediately after lawful notice to the other party. Notification of such termination shall be sent to the Directorate of Immigration.

Termination may take place due to other reasons than stated above, such as a general disagreement. In such cases, the host family shall give the au pair a period of 30 days to leave the position, but the au pair shall give the host family 15 days notice of the termination.

V. 2

Ef riftun samningsins er vegna alvarlegs misferlis vistráðna, ber vistfjölskylda ábyrgð á að veita vistráðna fæði og húsnæði fram til heimferðar ella í eina viku frá birtingardegi riftunar samnings, komi til vistaskipta á grundvelli nýs samnings við aðra vistfjölskyldu með heimild Útlendingastofnunar.

If the termination of the agreement is due to serious misconduct by the au pair, the host family shall be responsible for providing board and housing for the au pair until he/she goes home or for a period of one week from date of notice of termination if the au pair, with permission from the Directorate of Immigration, signs a new agreement with a new host family.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI / MISCELLANEOUS PROVISIONS

VI. 1

Ákvæðum samnings þessa má ekki breyta í óhag vistráðna.

The terms of this agreement can not be changed to the detriment of the au pair.

VI. 2

Íslensk lög gilda um túlkun samnings þessa.

Icelandic law governs the interpretation of this agreement.

Samningurinn er í þremur eintökum: / This agreement has been drawn up in three copies:

- eitt eintak varðveitir vistfjölskylda / *one copy to be retained by the host family,*
- eitt varðveitir vistráðinn / *one copy to be retained by the au pair,*
- eitt eintak er varðveitt hjá Útlendingastofnun / *one to be lodged at the Directorate of Immigration.*

Staðsetning / *done at:*

Dagsetning / *day:*

Undirskrift vistráðna / *Signature of the au pair*

Undirskrift vistfjölskyldu / *Signature of the host family*

Undirskrift vistfjölskyldu / *Signature of the host family*

Vottar

Vitni að undirskrift hins vistráðna / *Witnesses to au pair signature*

Vitni að undirskrift hins vistráðna / *Witnesses to au pair signature*

Vitni að undirskrift vistfjölskyldu / *Witnesses to the host family's signature*

Vitni að undirskrift vistfjölskyldu / *Witnesses to the host family's signature*

